


Skólanámskrá Grunnskólans á Suðureyri

Almennur hluti 2022-2023



GRUNNSKÓLINN
Á SUÐUREYRI

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Um skólann	3
Skólastjórar frá upphafi	4
Einkunnarorð, stefna og kennsluhættir	4
Stefna Grunnskólans á Suðureyri.....	4
Uppeldisfræðileg stefna.....	5
Kennsluhættir og skipulag	5
Starfsmarkmið 2022-2023	5
Læsi, orðaforði og framfarir í námi.....	6
Skapandi starf	6
Ábyrgð á eigin líðan, samskipti og vinátta	7
Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti	7
Þróunarverkefni skólans 2019-2021 var „Náum betri árangri saman“	7
Leiðsagnarnám.....	8
Starfsmannahópurinn	8
Grunnþættir menntunar	9
Markmið náms	9
Námsmat.....	10
Innra mat á árangri og gæðum	10
Áætlanir um umbætur og þróunarstarf.....	11
Móttaka nemenda	11
Fyrsti bekkur.....	11
Móttaka nýrra nemenda sem ekki koma beint úr leikskólanum Tjarnarbæ	11
Hagnýtar upplýsingar	12
Skimunaráætlun Ísafjarðarbæjar	12
Nemandi hættir.....	12
Náum betri árangri saman	12
Samstarf heimilis og skóla.....	13
Samstarf við önnur skólastig.....	13
Framkoma og hegðun	13
Skólareglur	14
Viðbrögð við brotum á skólareglum	14
Reglur um ástundun í Grunnskólanum á Suðureyri.....	14
Forvarnarstefna.....	15
Viðbragðsáætlun í eineltismálum	16
Áfengis og fíkniefnaforvarnir	17
Öryggis og slysforvarnir.....	18
Jafnréttis og mannréttindaforvarnir	19
Áfallaáætlun	21
Faraldaráætlun.....	22
Rýmingaráætlun.....	22
Röskun á skólastarfi vegna veðurs.....	24

Inngangur

Skólanámskrá er tæki til mótunar skólastarfs í hverjum skóla og um leið samningur lærdómssamfélagsins. Í henni er gefin yfirlýsing um hvers konar hugsun og viðhorf skuli einkenna skólastarfið. Til að skólanámskrá verði sameiginleg þeim sem koma að henni þurfa kennarar, nemendur og foreldrar að eiga hlutdeild í mótun hennar með því að vinna að þeim gildum og markmiðum sem sett eru fram í henni. Skólanámskrá er aðlöguð útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla með sérstöðu og áherslum sérhvers skóla.

Skólanámskrá er sett fram í þrem hlutum:

- Almennur hluti þar sem gerð er grein fyrir þeim gildum sem starf skólans byggist á og útfærð þau almennu atriði sem getið er um í aðalnámskrá.
- Starfsáætlun skólans: þar er gerð grein fyrir starfstíma skólans, starfsmarkmiðum, mikilvægum dagsetningum og upplýsingum er varða breytingar á milli skólaára. Starfaáætlunin er endurskoðuð á hverju ári með tilliti til áhersluþátta og birt á heimasíðu skólans.
- Kennsluáætlanir hópa, þar eru birtar greinargóðar upplýsingar um markmið náms, inntak, kennslutilhögun og námsmat. Allar kennsluáætlanir eru birtar á mentor.is og geta nemendur og foreldrar nálgast þær þar gegnum sitt lykilorð.

Um skólann

Árið 1908 var fyrsti skólinn á Suðureyri reistur, en hann var byggður í kjölfar þess að lög um skólaskyldu voru sett árið 1907. Þetta fyrsta skólahúsnæði samanstóð af tveimur kennslustofum auk áhaldaherbergis. Skólinn fékk strax nauðsynlegustu kennslutæki og áhöld ásamt orgeli. Áður höfðu Súgfirðingar lítillar menntunar notið utan þess að farandkennarar höfðu verið í Súgandafirði fyrir og um aldamótin 1900, en sú kennsla fór að mestu fram inn á heimilum fólks. Einnig voru dæmi þess að efnameiri menn fengu heimiliskennara fyrir börn sín. Friðrik Hjartar var fyrsti kennari við hinn nýja skóla á Suðureyri og var hann skólastjóri skólans allt til ársins 1932.

Árið 1958 var nýtt og stærra skólahúsnæði tekið í notkun og leysti það gamla húsið af hólmi. Árið 1983 var tekin í notkun viðbygging við skólann og var það helmings stækkun á skólanum. Í þessari byggingu eru verkgreinastofur fyrir smíði, hússtjórn og hannyrðir. Einnig er þar aðstaða fyrir kennara. Síðan hefur verið komið upp bókasafni og skólinn er með sérstaka tölvustofu. Tónlistarskóli Ísafjarðar rekur útibú á Suðureyri og hefur það aðstöðu í skólanum.

Í janúar 2006 var vígt nýtt íþróttahús sem er sambyggt skólahúsinu. Innangengt er milli skóla, íþróttahúss og sundlaugar sem vígð var 1994. Búningsaðstaða er sameiginleg fyrir íþróttahús og sundlaug.

Nemendur skólans koma frá Suðureyri og sveitinni þar í kring. Suðureyri tilheyrir Ísafjarðabæ sem er rekstraraðili skólans.

Í maí 2018 var merki skólans kynnt. Það var hannað af Steinbirni Logasyni með sigurtillögur frá Heru Magneu Kristjánsdóttir og Kötlu Vigdísí Vernharðsdóttur sem grunn. Merkinu var flaggað á flaggstöng sem kvenfélagið Ársól gaf skólanum í tilefni af 110 ára afmælishátíð skólans árið 2018.

Skólastjórar frá upphafi

2021- Hrönn Garðarsdóttir
2018 – 2021 Jóna Benediktsdóttir
2015 – 2018 Þormóður Logi Björnsson
2012 – 2015 Snorri Sturluson
1993 – 2012 Magnús S. Jónsson
1992 – 1993 Brynja Blumenstein
1979 – 1992 Magnús S. Jónsson
1978 – 1979 Þórey Eiríksdóttir
1970 – 1978 Ólafur Þ. Þórðarson
1969 – 1970 Guðmundur Friðgeirsson
1965 – 1969 Þorbjörn Á. Friðriksson
1956 – 1965 Jón Kristinsson
1954 – 1956 Séra Jóhannes Pálmason
1953 – 1954 Halldór Þórarinsson frá Vatnsfirði
1947 – 1953 Aðalsteinn Hallsson
1945 – 1947 Jón G. Guðjónsson
1943 – 1945 Þorsteinn Matthíasson
1938 – 1943 Guðmundur Daníelsson
1932 – 1938 Friðbert Friðbertsson
1908 – 1932 Friðrik Hjartar

Einkunnarorð, stefna og kennsluhættir

Einkunnarorð Grunnskólans á Suðureyri eru „ástundun, árangur, ánægja“. Grunnskólinn á Suðureyri starfar samkvæmt Grunnskólalögum nr. 91/2008, Aðalnámskrá grunnskóla 2013 og skólastefnu Ísafjarðarbæjar með gildin; virðing, ábyrgð, metnaður og gleði að leiðarljósi.

Stefna Grunnskólans á Suðureyri

Að:

Stefna Grunnskólans á Suðureyri er að:

- ✓ skólinn sé öruggur og aðlaðandi vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk þar sem þeim líður vel
- ✓ koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda, vekja áhuga á námi, efla gagnrýna hugsun, sjálfstraust og sjálfsvirðingu.
- ✓ stuðla að alhliða heilbrigði
- ✓ vinna að góðum samskiptum skóla og heimila.

Uppeldisfræðileg stefna

Allir grunnskólar í Ísafjarðarbæ starfa eftir hugmyndafræði Uppbyggingarstefnu og gildi skólans og uppeldisfræðilegar áherslur taka mið af þeim grunni sem þar er lagður. Megináhersla er lögð á að nemendur geti lært að stýra eigin hegðun af ábyrgð og á grundvelli innri stýringar. Einnig er lögð áhersla á samræður og lýðræðisleg vinnubrögð þar sem nemendur fá kennslu í að vera virkir þátttakendur og leggja þar með sitt af mörkum við að skapa eigið samfélag.

Kennsluhættir og skipulag

Kennsluhættir í skólanum litast af því að um samkennslu er að ræða. Kennt er í þremur námshópum, yngsta stig, miðstig og elsta stig. Fjöldi nemenda í hópi og röðun árganga ræðst af nokkur af því hversu margir nemendur eru í hverjum árgangi en oftast er miðað við að á yngsta stigi séu nemendur í 1.-4.bekk, á miðstigi nemendur í 5.-7.bekk og á elsta stigi nemendur í 8.-10.bekk. Verk-og listgreinar eru einnig kenndar í aldursblönduðum hópum hjá nemendum 1.-7.bekkjara. Kennslan er í smiðjuformi og taka nemendur hverja grein fyrir í tiltekið tímabil og skipta svo, miðað er við að nemendur fái 24-28 kennslustundir í hverri greinanna tæknimennt, textílmennnt, heimilisfræði, leiklist og myndmennt. Dans er kenndur með reglulegum hætti í hverri viku. Eldri nemendur skólans sækja valgreinar í Grunnskólann á Ísafirði. Mikilvægt er að hafa í huga að nám barna fer fram allan vökutíma þeirra og mikilvægt er að foreldrar aðstoði börn við að skapa sér venjur sem líklegar eru til að styðja við nám og þroska. Heimavinna tengd skólaverkefnum á ekki að vera þungbær kvöð og því er lögð áhersla á að skipuleggja hana í samvinnu við foreldra. Þjálfun í lestri er þó undantekning frá þessu og farið er fram á foreldrar sjái til þess að allir nemendur fái lestrarþjálfun í að minnsta kosti 15 mínútur á dag fyrir utan skólatímamann. Önnur heimavinna er tilfallandi og getur til dæmis komið til ef nemendur klára ekki viðfangsefni sín á skólatíma.

Starfsmarkmið 2022-2023

Megináherslur næsta skólaárs í vinnu með nemendum verða lagðar á læsi og lesskilning, námsvitund, skapandi starf, sjálfsmýnd og sjálfstraust, ábyrgð á eigin líðan, lýðræði og jafnrétti, samskipti og vináttu. Skólinn hefur sitt annað ár í innleiðingu á Leiðsagnarnámi. Í vinnu starfsmannahópsins verður lögð áhersla á gott upplýsingaflæði, ábyrgð á eigin heilsu og leiðsögn við nýliða. Í þessu ljósi eru sett eftirfarandi starfsmarkmið í sjö flokkum.

Læsi, orðaforði og framfarir í námi

Lögð verði áhersla á lestur í öllum námshópum og nemendum kenndar leiðir til að efla lesskilning sinn.

Leiðir:

- Allir dagar hefjist á yndislestri þar sem kennarar lesi með nemendum.
- Haldnar verði bókmenntakynningar í öllum námshópum þar sem starfsmenn, foreldrar og nemendur segja frá sinni uppáhaldsbók.
- Nemendur búi til sína eigin orðabók með orðum sem þeir hafa lært á tilteknum tíma.
- Vinna nemenda með orðaforða í öllum námsgreinum verði gerð sýnileg á veggjum skólans.
- Unnið verði með framsögn í tengslum við skil nemenda á áhugasviðsverkefnum.
- Markmið náms og matsviðmið verði útskýrð reglulega fyrir nemendum og foreldrum og nemendur hvattir til að setja sér einstaklingsbundin markmið.

Mat: Farið verður yfir þau atriði sem hægt er að staðfesta að hafi verið unnin að öðru leyti verður tekið mið af viðmiðum Menntamálastofnunar í lesfimi, mati kennara á vinnu með orðaforða og markmiðsvinnu nemenda.

Skapandi starf

Lögð verði áhersla á að nemendum gefist tækifæri til að beita skapandi hugsun við sem flest tækifæri í skólastarfinu.

Leiðir:

- Í kennsluáætlunum allra greina birtist að minnsta kosti eitt útiverkefni og eitt verkefni sem býður upp á skapandi starf nemenda.
- Í kennsluáætlunum mið- og unglingsstigs birtist að minnsta kosti eitt verkefni þar sem nemendur hafa val um hvernig skal skila úrlausn.
- Áfram verði unnið með áhugasviðsverkefni með nemendum 5.-10.bekkjum. **Mat:** Farið verði yfir kennsluáætlanir á haust og vorönn. Nemendur og kennarar leggi mat á vinnu við áhugasviðsverkefni. Lokamat vegna áhugasviðsverkefnis verður gert með nemendum og starfsmönnum í maí. Mat á verkefnum úr kennsluáætlunum verður gert á starfsmannafundi í júní.

Ábyrgð á eigin líðan, samskipti og vinátta

Lögð verði áhersla á að nemendur skilji hvernig þeir geta haft áhrif á eigin líðan og kunnir leiðir til að takast á við vanlíðan.

Leiðir:

- Unnið verði með grunnþarfir Uppbyggingar í öllum hópum.
- Bekkjarsáttmáli verði unninn í öllum bekkjum í september og endurmetinn á vorönn.
- Sáttaleið Uppbyggingar til að leysa úr ágreiningi verði kennd á miðstigi.
- Einnig verði unnið markvisst með önnur verkfæri Uppbyggingar eins og hegðunarbílinn á miðstigi og óskaveröldina á unglingastigi.
- **Mat:** Niðurstöður úr könnunum Skólaláttamálsins og samantekt úr viðtölum námsráðgjafa.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Lýðræðisleg vinnubrögð verði samofin skólastarfinu á öllum stigum sem felur meðal annars í sér að auka skilning nemenda á lýðræðislegum ferlum og efla samræðufærni þeirra.

Leiðir:

- Haldin verða 4 nemendaping á skólaárinu. Niðurstöður þinganna verði kynntar öllum í skólasamfélaginu og gerðar sýnilegar í skólanum.
- Nemendum verði boðið að velja á milli verkefna eins oft og mögulegt er.
- Unnið verði með hugtök sem tengjast lýðræði og jafnrétti í öllum námshópum og þau skilgreind.

Mat: Fjöldi nemendapinga og samræðuefni verði skráð. Hugtakavinna verði sýnileg. Mat á vali nemenda fari fram á starfsmannafundum í janúar og maí.

Þróunarverkefni skólans 2019-2021 var „Náum betri árangri saman“

Verkefnið felur í sér orðaforðakennslu, samþættingu námsgreina og eflingu foreldrasamstarfs. Leiðir vegna orðaforðakennslu og samþættingar hafa þegar komið fram. Í foreldrasamstarfi var lögð áhersla á að auka þekkingu foreldra á réttindum og skyldum í tengslum við skólastarf, kynna þeim verkefni og matsviðmið og að auðvelda heimsóknir foreldra í skólann.

Leiðir sem hafa verið farnar:

- Fræðslufundur um réttindi og skyldur foreldra var haldinn í skólanum og annar um læsi og þátt foreldra í námi.

- Helstu verkefni og matsviðmið voru kynnt í foreldraviðtali.
- Foreldrar voru beðnir að koma í heimsókn og kynna áhugamál eða vinnu sína.
- Allir námshópar buðu foreldrum á að minnsta kosti eina kynningu á verkefnum nemenda.
- Einu foreldraviðtali vetrarins varstýrt af nemendum, kallast nemendastýrð foreldrasamtöl

Mat: Stuðst var við niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins og eigin könnun skólans á viðhorfi foreldra til verkefnisins.

Leiðsagnarnám

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar hófu innleiðingu Leiðsagnarnáms haustið 2021. Megin markmiðið er að gera nemendum kleift að taka aukna ábyrgð á eigin námi, efla sjálfstraust þeirra og þrautseigju í námi.

Leiðir:

- Tveggja ára þróunarverkefni fyrir alla kennara.
- Leiðsagnarnámsteymi skólans leiðir innleiðingu með þróunarhringjum sem allir kennarar vinna saman.

Mat: Könnun lögð fyrir kennara að vori á kennarafundi

Starfsmannahópurinn

Mikilvægt er að upplýsingaflæði sé gott og að gætt sé fyllsta öryggis, að starfsmenn hafi tækifæri til að leita stuðnings hver hjá öðrum um málefni sem varða kennslu og að starfsmenn séu meðvitaðir um ábyrgð á eigin heilsu.

Leiðir:

- skólann er með áætlun um móttöku og eftirfylgni við nýliða í starfi
- áhættumat fyrir vinnustaðinn samkvæmt stöðlum vinnueftirlitsins – ábyrgð öryggistrúnaðarmaður
- heilsustefnu skólans fylgt eftir
- Upplýsingar verði skrifaðar á töflu á starfsmannasvæði daglega.
- Starfsmenn muni eftir að upplýsa hver annan um atvik sem upp koma og geta haft áhrif á vinnu í næstu kennslustundum eða í frímínútum.
- Almennar tilkynningar verði settar inn á workplace-hóp starfsmanna, á dagatal inni á kaffistofu kennara.

- Stundatafla sé skipulögð þannig að hún bjóði upp á samvinnu starfsmanna.

Mat: Árangur metinn í janúar og maí.

Grunnþættir menntunar

Í Grunnskólanum á Suðureyri menntum við börn til að vera fullgildir þegnar í Lýðræðissamfélagi. Áhersla er lögð á að styrkja þá sex grunnþætti menntunar sem settir eru fram í aðalnámskrá grunnskóla sem eru, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Leitast er við að skapa námssamfélag sem hvetur til náms og vekur nemendur til umhugsunar um gildi þess að vera manneskja.

Grunnþættirnir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms. Með þeim er lögð áhersla á starfshætti og skólabrag sem um leið styrkir nemendur til að verða gagnrýnir og virkir þátttakendur í síbreytilegu jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Á skólaárinu 2019-2020 var einn af áhersluþáttum innra mats að leggja mat á hvernig unnið er með grunnþætti menntunar í skólanum. Í matinu birtust upplýsingar um að leggja þurfi meiri áherslu á skapandi starf í almennri kennslu, efla vinnu með lýðræði og mannréttindi á yngri stigum, fjölga þeim viðfangsefnum þar sem nemendur geta haft val um hvernig þeir skila verkefnum, vinna markvissar með jafnrétti og ná betri árangri í að virkja foreldra til þátttöku í skólastarfinu. Starfið í skólanum mun litast af þessum áhersluþáttum á næstu skólaárum.

Markmið náms

Skólanum er ætlað að gefa nemendum tækifæri til að tileinka sér þekkingu, leikni og hæfni sem býr þá undir nám að loknum grunnskóla og í raun ævilangt. Í Grunnskólanum á Suðureyri er lögð undirstaða fyrir þátttöku einstaklingsins í lýðræðisþjóðfélagi og þau manngildi ræktuð sem styðja eiga alhliða þroska, efla vitund um íslenska menningu og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er markmið grunnskóla skilgreint í 2. gr. þar segir að hlutverk grunnskóla í samvinnu við heimilin er að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun. Margvíslegar leiðir eru nýttar til að stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á frumkvæði og sjálfstæða hugsun, skapandi nám og hæfni til samstarfs. Markmið náms í hverri námsgrein eru tengd aldursamsvarandi hæfniviðmiðum í aðalnámskrá. Hæfni felur í sér getu til að hagnýta þá þekkingu og leikni sem nemendur ná að tileinka sér á skólagöngu sinni. Hæfniviðmið eru skilgreind í aðalnámskrá 2013 við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Við lok grunnskóla eru skilgreind matsviðmið fyrir 10. bekk sem birtast á vitnisburðarblaði.

Markmið náms birtast í kennsluáætlunum greina og foreldrar og nemendur hafa aðgang að þeim í umsýslukerfinu mentor.is.

Námsmat

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er megintilgangur námsmats að veita nemendum tækifæri til að afla sér leiðbeinandi upplýsinga um námið og að leggja mat á hvernig nemendum tekst að ná markmiðum námsins. Með námsmati er upplýsinga aflað fyrir nemendur, foreldra, kennara, viðtökuskóla og skólayfirvöld um námsgengi sem hafa má að leiðarljósi við skipulagningu náms. Námsmat byggir bæði á viðmiðum einstakra greina og lykilhæfniviðmiðum eins og þau eru skilgreind í aðalnámskrá. Viðmið um námsmat eru birt í kennsluáætlunum allra greina og vinna nemenda er metin með reglulegum hætti yfir skólaárið. Mat á vinnu nemenda byggir fyrst og fremst á leiðsagnarmati og könnunum. Þættir eins og vinnubrögð, verkefnaskil, ástundun og frumkvæði eru lykilþættir í námsmati. Vitnisburðurinn er gefinn um miðjan vetur og aftur að vori. Vitnisburður er gefinn í bókstöfum A, B+, B, C+, C og D. Nánari upplýsingar um námsmat má finna í kennsluáætlunum greina.

Innra mat á árangri og gæðum

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis Mennta- og menningarmála eða annarra aðila.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Skipulag innra mats í Grunnskólanum á Suðureyri byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Gæðagreinar, skólapúls, starfsþróunarviðtöl, skimanir í lesfimi og stærðfræði eru meðal matstækja sem nýtt eru við matið. Stjórnendur, starfsfólk, nemendur, foreldrar, skólaráð og stjórn foreldrafélagsins metur skólastarfið samkvæmt matsáætlun hvers árs. Á grundvelli matsins eru gerðar tillögur til umbóta sem birtar eru sem starfsmarkmið skólans.

Grunnskólar í Ísafjarðarbæ hafa sett sér sameiginlega sjálfsmatsáætlun sem birt er á heimasíðum skólanna. Áætlun hvers árs er yfirfarin að vori og kynnt á starfsmannafundi, allir starfsmenn taka virkan þátt í matinu. Niðurstöður eru kynntar fyrir starfsmönnum, nemendum, foreldrum og skólayfirvöldum og birtar á heimasíðu.

Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Nánari útfærslu á mati á skólastarfi og matsáætlun hvers árs má finna í starfsáætlun skólans en á hverju skólaári eru 5-7 matsverkefni sem metin eru á matsfundum sem skipulagðir eru með reglulegum hætti yfir skólaárið.

Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Á grundvelli niðurstaðna sjálfsmats hvers árs eru gerðar almennar umbótaáætlanir fyrir skólann og settar fram sem starfsmarkmið næsta árs eða tiltekins tímabils. Umbótaáætlunina má sjá í starfsáætlun skólans. Í skólanum er um þessar mundir einnig unnið að þróunarverkefni sem ber vinnuheimtið „Náum betri árangri saman“. Verkefnið er margþætti og markmið þess eru að efla orðaforða nemenda, auka samþættingu og teymiskennslu og að efla getu foreldra af erlendum uppruna til þátttöku í skólastarfi barna sinna. Sérfræðingar frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Reykjavíkurborg eru ráðgjafar starfsfólks skólans við verkefnið. Verkefnið er nú á öðru ári og hefur raskast mikið vegna Covid-19.

Móttaka nemenda

Fyrsti bekkur

Nemendur skólahópa á lokaári leikskóla koma í heimsóknir í skólann nokkrum sinnum yfir veturinn ásamt leikskólakennurum. Foreldrum væntanlegra nemenda er boðið á fund að vori þar sem skólastjórnandi og umsjónarkennari kynna skólann og skólastarfið og skrá nemendur í skólann. Nemendur mæta síðan að hausti á skólasetningu með foreldrum sínum og í viðtal til umsjónarkennara.

Móttaka nýrra nemenda sem ekki koma beint úr leikskólanum Tjarnarbæ

Skólastjórnandi boðar nemandann og foreldra í viðtal, sýnir þeim skólahúsnaðið og kynnur þau fyrir starfsfólki. Nemandinn fær stundaskrá og aðrar upplýsingar um skólann frá umsjónarkennara. Starfsmenn skólans fá tilkynningu um að nýr nemandi sé byrjaður í skólanum. Umsjónarkennari sér um að nýr nemandi fái aðstoð bekkjarfélaga við að komast inn í skólastarfið og samfélagið. Eigi nemandinn eða foreldrar hans annað móðurmál en íslensku skal útvega túlk og komi hann frá öðru menningarsvæði skal starfsfólk skólans leitast við að kynna sér það og afhenda foreldrum upplýsingabækling Reykjavíkurborgar fyrir erlenda foreldra grunnskólabarna. Umsjónarkennari aflar sér upplýsinga um nýja nemandann frá foreldrum og/eða þeim skóla sem barnið sótti áður. Umsjónarkennari fylgist sérstaklega vel með líðan nemandans fyrstu dagana og hefur reglulega samband við foreldra og athugar hvernig gengur.

Hagnýtar upplýsingar

Skimunaráætlun Ísafjarðarbæjar

Skimanir:	Aldur:	Tímabil:
Lesferill – lestrarskimun	1. bekkur	október
Lesferill lestrarpróf	Allir árgangar	Sept – jan -maí
Talnalykill	3. bekkur	október
Talnalykill	6. bekkur	október
Logos	3. bekkur	Janúar – febrúar
Milli Mála II orðaforðapróf	Allir árgangar	Á hausti

Nemandi hættir

Oft á tíðum getur reynst erfitt fyrir nemendur að skipta um skóla, sérstaklega á miðjum vetri. Til að hjálpa nemendum sem flytja úr því umhverfi sem þeir þekkja, frá skólafélögum og vinum er nauðsynlegt að verja tíma til að kveðja þá á þann hátt að þeir minnst félaganna og skólans á jákvæðan hátt. Skólinn veitir viðtökuskóla nemandans þær upplýsingar sem óskað er eftir. Ef nemandinn er með miklar sérþarfir þá þarf að funda með viðtökuskóla ef hægt er að koma því við, afhenda greiningargögn og námsmat. Annars eru greiningargögn og námsmat send viðtökuskóla í ábyrgðarpósti.

Náum betri árangri saman

Grunnskólinn á Suðureyri og Leikskólinn Tjarnarbær fengu styrk til að vinna að þróunarverkefni á skólaárunum 2019-2021. Markmið verkefnisins eru að efla orðaforða nemenda, auka samþættingu og teymiskennslu og að efla getu foreldra af erlendum uppruna til þátttöku í skólastarfi barna sinna. Sóttvarnir vegna Covid – 19 settu mikið strik í framgang þess verkefnis sérstaklega hvað varðar þáttinn sem snýr að auknu foreldrasamstarfi. Unnið er að því í vetur að ljúka þessu verkefni.

Samstarf heimilis og skóla

Velferð barna og farsæl námsframvinda byggist ekki síst á því að foreldrar styðji við skólagöngu barna sinna. Hlutverk foreldra skólabarna er að gæta hagsmuna barna sinna í hvívetna, eiga gott samstarf við skóla, veita skólanum viðeigandi upplýsingar og taka þátt í námi barna sinna og foreldrastarfi frá upphafi til loka grunnskóla.

Í skólanum er lögð áhersla á gott samstarf við foreldra um nám og velferð barna og jafnframt lög áhersla á að hlusta á raddir nemenda. Ef gera þarf breytingar á námsáætlun einstakra nemenda eru foreldrar ávallt hafðir með í ráðum. Foreldrar eru einnig hvattir til að taka þátt í námi barna sinna eftir því sem mögulegt er. Foreldrar hafa greiðar upplýsingar um allar námsáætlanir á mentor.is og geta einnig fylgst þar með mati sem nemendur fá fyrir verkefni og skráningu ástundunar. Nemendur fá einnig vikuáætlanir í öllum bóklegum greinum. Almennar fréttir af starfinu í skólanum eru settar á heimasíðu skólans við lok hverrar viku, aðrar upplýsingar eru sendar foreldrum með tölvupósti eða haft er samband við þá símleiðis. Á hverju skólaári eru skipulögð þrjú foreldraviðtöl þar sem nemendur og foreldrar koma saman til fundar við umsjónarkennara og fara yfir stöðuna hvað varðar nám og framfarir. Foreldrum er einnig boðið á margvíslega viðburði í skólanum svo sem lestrarhátíð, samsöng og ýmis verkefnaskil. Þá er aukið samstarf við foreldra einnig hluti af þróunarverkefni skólans. Þá hefur einnig verið gerð tilraun með nemendastýrð foreldraviðtöl í skólanum sem hefur gefist vel.

Samstarf við önnur skólastig

Mikið og gott samstarf er við leikskólann á Suðureyri. Skólaárið hefst og lýkur með samstarfsfundi beggja skólastiga, þar sem lagðar eru línurnar fyrir komandi vetur. Gagnkvæmar heimsóknir eru á haustin og á vorin. Skólarnir tveir eiga einnig í formlegu samstarfi um þróunarverkefni sem nær til áranna 2019-2021.

Nemendur í 10. bekk fara í heimsókn í Menntaskólann á Ísafirði á vorönn. Þar kynnst nemendur skólanum og fá fræðslu um hvaða námsleiðir eru í boði í skólanum. Nemendur í 10. bekk fá einnig kynningu frá námsráðgjafa um nám í MÍ. Gerð er tilfærsluáætlun fyrir nemendur sem eru að útskrifast úr 10. bekk og eiga rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi við metnar sérþarfir.

Framkoma og hegðun

Rík áhersla er lögð á að nemendur temji sér kurteisi og sýni samskiptafærni. Skólareglur eru til að styðja við þá áherslu og er eftirfylgni þeirra er grundvöllur fyrir góðu umhverfi til náms og þroska. Hver námshópur gerir í samvinnu við umsjónarkennara með sér bekkjarsáttmála sem tekur mið af lífsgildum og skólareglum.

Skólareglur

- 1. Umgengni:** Við göngum vel og hljóðlega um skólann og berum virðingu fyrir eigum okkar og annarra.
- 2. Heilbrigði:** Við hugum að heilsu okkar.
- 3. Kurteisi:** Við berum virðingu fyrir skólaumhverfinu og komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.
- 4. Öryggi:** Við stofnum okkur sjálfum eða öðrum ekki í hættu með orðum eða gjörðum.

Nánari skýringar:

Umgengni: Við geymum yfirhafnir og skó á snögum og í hillum. Við berum sjálf ábyrgð á okkar persónulegu hlutum/eigum s.s. farartækjum, fatnaði, sínum, myndavélum og spjaldtölvum, og förum ávallt eftir fyrirmælum kennara og annars starfsfólks.

Heilbrigði: Við komum með hollt nesti m.t.t. ráðlegginga frá landlækni varðandi hollt nesti. Gróft brauð, ávextir, grænmeti, vatn og ósykraðar mjólkurvörur eru dæmi um hollt nesti. Við hvetjum einnig alla nemendur til að borða morgunmat áður en komið er í skólann. Öll notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum og á viðburðum sem tengjast honum.

Kurteisi: Við mætum stundvíslega, truflum ekki kennslustundir og sinnum náminu af áhuga. Við komum fram við aðra af kurteisi og virðingu

Öryggi: Við dveljum á skólalóðinni á skólatíma en notum ekki hjól, hlaupahjól, vespur eða önnur farartæki á skólalóðinni á skólatíma. Við beitum ekki ógnunum, ögrunum, hótunum eða ljótum orðum. Andlegt og/eða líkamlegt ofbeldi er aldrei liðið þ.m.t. einelti. Barefli, vopn eða eldfæri má ekki koma með í skólann.

*Skólareglur Grunnskólans á Suðureyri voru endurskoðaðar og samþykktar á starfsmannafundi
7. júní 2018.*

Viðbrögð við brotum á skólareglum

Ef framkoma nemenda er truflandi eða með öðrum hætti óviðeigandi og hann tekur ekki leiðbeiningum kennara getur kennari vísað honum til skólastjóra sem ræðir við nemandann og reynir að finna lausn á málinu í samræmi við vinnulag Uppbyggingarstefnu. Kennari sem vísar nemanda úr kennslustund tilkynnir foreldrum um tildrög atviksins og úrvinnslu samdægurs. Lögð er áhersla á að nemendur læri að taka ábyrgð á hegðun sinni og leiðrétt mistök eða rangsleitni.

Reglur um ástundun í Grunnskólanum á Suðureyri

- Foreldrar geta fylgst með ástundun barna sinna á Mentor.

- Umsjónarkennarar fylgjast einnig með ástundun nemenda sinna og veita þeim reglulega yfirlit um hvernig þeir standa sig.
- Ísafjarðarbær hefur sett upp samræmd viðmið um mætingar og forföll. Umsjónarkennari hefur samband við foreldra ef mætingar nemanda eru ekki í samræmi við þau viðmið.
- Ef mæting lagast ekki hefur umsjónarkennari samband við skólastjórnendur sem boðar foreldra/forráðamenn til fundar
- Ef mæting lagast ekki eftir íhlutun skólastjórnenda er málinu vísað áfram til nemendaverndarráðs og/eða barnaverndaryfirvalda.

Um seinkomur, brottrekstur og fjarvist úr tíma:

- Komi nemandi til kennslustofu 5 mínútum eftir að kennsla hefst telst hann of seinn.
- Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann óheimila fjarvist.
- Mæti nemandi ekki í kennslustund hefur viðeigandi kennari samband við foreldra/forráðamenn jafnframt því sem hann tilkynnir það umsjónarkennara.
- Ef nemandi er vísað úr kennslustund skal það tilkynnt foreldrum samdægurs. Jafnframt skal skólastjóri strax látinn vita svo hægt sé að grípa til ráðstafana sem geta hjálpað nemandanum að leiðrétta hegðun sína.

Mikilvægt er að heimili og skóli vinni sameiginlega að lausn mála sem upp koma.

Yfirlit yfir ástundun nemanda er birt á vitnisburðablaði tvisvar á ári og er aðgengileg foreldrum á Mentor allt skólaárið.

Forvarnarstefna

Stefna Grunnskólans á Suðureyri í forvörnum er að stuðla að alhliða heilbrigði nemenda sinna.

Forvarnir spanna mjög breitt svið sem tengist velferð nemenda, svo sem líðan, sjálfsmynd, námsárangri, skólasókn, samskiptum og áhugamálum.

Markmið forvarnarstefnunnar er:

- Að nemendum líði vel í skólanum, þeir öðlist trú á sjálfum sér, finni sig örugga og gangi glaðir til verka.
- Að nemendur auki við þekkingu sína og færni og komist til aukins þroska.
- Að nemendur læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum einstaklingum og umhverfi sínu.
- Að allir starfsmenn leitist við að sýna metnað í starfi og geri kröfur til sjálfra sín og nemenda sinna.

Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í að tjá hugsanir sínar, skoðanir og tilfinningar. Efla skal sjálfsþekkingu nemenda og mikilvægt er að aðstoða þá við að byggja upp jákvæða sjálfmynd. Samskiptahæfni nemenda er efla og þeim er kennt að leysa ágreining. Nemendur eru fræddir um gildismat, ábyrgð og gagnkvæma virðingu. Þeir meta sjálfstætt eigin lífsgildi og lífsstíl og læra að standast utanaðkomandi þrýsting.

Forvarnarstefnan nær til alls skólasamfélagsins. Forvarnaráætlun skólans skiptist í sjö hluta: Viðbragðsáætlun í eineltismálum, áfengis- og fíknivarnir, öryggis- og slysavarnir, jafnrétti og mannréttindi, áfallaáætlun, faraldursáætlun og rýmingaráætlun.

Viðbragðsáætlun í eineltismálum

Í Grunnskólanum á Suðureyri er lögð áhersla á að byggja upp góð samskipti hjá nemendum og efla félagslegan þroska þeirra. Til öryggis hafa verið settar reglur um hvernig fara skuli með samskiptavanda sem er af því tagi að flokka megi hann sem einelti. Mikilvægt er að allir starfsmenn og nemendur séu meðvitaðir um hvað einelti er, hvernig það birtist og hvernig unnið er með eineltismál í skólanum. Einelti er ekki liðið undir neinum kringumstæðum og flokkast sem brot á skólareglum.

Hvað er einelti?

Einelti er endurtekið neikvætt atferli sem felur í sér niðurlægingu, áreiti eða ofbeldi af einhverju tagi gagnvart einstaklingi eða litlum hópi. Ef upp kemur hegðunarvandi sem fellur undir skilgreiningu á einelti fer í gang ferli sem byggt er meðal annars á *Skildi* sem er áætlun Grunnskólans í Sandgerði til að takast á við einelti.

Einstaklingsviðtöl við þolanda eineltis

Umsjónarkennari ræðir einslega við nemandann á rólegum stað. Aðrir nemendur eiga ekki að hafa vitneskju um þetta viðtal.

Umsjónarkennari biður þolanda (og forráðamenn) um allar staðreyndir (hverjir, hvar, hve oft, hve lengi).

Umsjónarkennari ásamt samstarfsmönnum gerir áætlun um hvernig hægt er að bregðast við.

Þolandi fær allar upplýsingar um það hvað umsjónarkennari hyggst gera til að binda endi á eineltið. Umsjónarkennari segir þolanda að ekki séu gefnar upplýsingar um að hann hafi sagt frá (og umsjónarkennari má ekki brjóta þann trúnað).

Umsjónarkennari biður þolanda (og forráðamenn) um að segja umsvifalaust frá öllum nýjum tilraunum til eineltis.

Umsjónarkennari kemur á ákveðnu samskiptaformi á milli forráðamanna og umsjónarkennara um gang mála meðan unnið er með eineltið.

Leysist málið ekki með þessum aðgerðum vísar umsjónarkennari málinu til nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð tekur málið upp og leitar aðstoðar sérfræðinga ef málið leysist ekki.

Það **mikilvægasta** í viðtali við þolanda er að gera viðkomandi grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Grunnskólanum á Suðureyri og hann hafi fullan stuðning starfsfólks. Einnig að hann geti fengið aðstoð frá námsráðgjafa eða hjúkrunarfræðingi. Hughreysta skal þolanda og upplýsa hann um ferlið sem fer af stað og gera honum ljóst hversu mikilvægt er að hann segi frá ef eineltið heldur áfram.

Einstaklingsviðtal við geranda eineltis eftir að grunur hefur verið staðfestur

Umsjónarkennari sem nú hefur vitneskju um hver/hverjir eru gerandi/gerendur ræðir við hann/þá í einrúmi ásamt foreldrum. Þurft getur að hafa einhvern annan fullorðinn með (t.d. námsráðgjafa eða skólustjóra) eftir atvikum hverju sinni.

Umsjónarkennari ætti að ræða fyrst við þann sem er leiðtogi í eineltinu (þannig er það oftast að einhver er leiðtoginn) og síðan koll af kalli. Hafa skal sem allra stystan tíma milli viðtala.

Umsjónarkennari gerir geranda/gerendum það ljóst að einelti er ekki liðið í skólanum og fer með honum/þeim yfir sáttmála skólans um samskipti og skólareglur.

Umsjónarkennari segir að margir héðan og þaðan hafi sagt frá því að þolandi verði fyrir áreitni.

Gott að vera með sögur um þetta ákveðna einelti til staðfestingar og biður um tillögur til lausnar.

Leysist málið ekki með þessum aðgerðum vísar umsjónarkennari málinu til nemendaverndarráðs. Nemendaverndarráð tekur málið upp og leitar aðstoðar sérfræðinga ef málið leysist ekki.

Það **mikilvægasta** í viðtali við gerendur er að sýna gerendum fram á að staða málsins sé þekkt.

Að boðskapurinn um að það eigi að hætta eineltinu sé settur fram af alvöru og ákveðni.

Að þeim sé sagt frá því að fylgst verði með frekari þróun málsins og því fylgt eftir.

Að þeim sé sagt að það hafi neikvæðar afleiðingar í för með sér ef eineltið hættir ekki strax.

Skrá skal alla fundi sem haldnir eru vegna eineltismála og geyma skjöl í skjalamöppu nemenda.

Áfengis og fíkniefnaforvarnir

Áfengis- og fíknivarnir taka til almennra forvarna s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn. Öll notkun tóbaks og annarra vímuefna er bönnuð í og við skólann.

Grunnskólanum á Suðureyri ber skylda til þess að fræða nemendur og miðla upplýsingum varðandi fíkn. Markmiðið er að draga úr fjölda þeirra sem ánetjast reykingum eða öðrum vímuefnum sem og annarri fíkn. Fræðslan fer fram með fjölbreyttum hætti og koma margir aðilar að þeirri fræðslu, svo sem kennarar, hjúkrunarfræðingur og utanaðkomandi aðilar sem eru sérfræðingar á ákveðnum sviðum.

Foreldrum er gert viðvart ef nemandi verður uppvís að notkun tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna. Foreldrar, skóli og eftir atvikum barnaverndaryfirvöld vinna svo saman að því að aðstoða nemandann við að stýra lífi sínu inn á heilbrigðari brautir.

Skólustjóri og nemendaverndarráð sjá um öll mál sem tengjast vímuefnum og fíkn innan skólans.

Öryggis og slysaforvarnir

Frímínútur og gæsla

Nemendur í Grunnskólanum á Suðureyri fara út í frímínútum og eru á skólalóðinni. Kennarar eiga að fylgja nemendum sínum af gangi áleiðis að útidyrum. Varsla í frímínútum, bæði úti og inni er í höndum starfsmanna skólans. Útileikföng eru í vörslu starfsfólks á göngum og sjá þeir um að lána nemendum leikföngin.

Hjól og önnur farartæki

Hjól, hjólabretti, línuskautar og rafskutlur eru leyfð til að ferðast til og frá skóla og þá er skylda að nota hjálm samkvæmt lögum. Notkun hvers kyns hjóla er óheimil á skólalóðinni á skólatíma. Ef nemendur koma á línuskautum í skólann þurfa þeir að taka með sér skó.

Umhengni

Nemendur hafa hillur fyrir skó í anddyri. Hver nemandi hefur einnig snaga til umræða þar sem hægt er að geyma fatnað. Í kennslulok sjá kennarar til þess að nemendur gangi vel frá rýmum.

Ábyrgð á persónulegum eigum nemenda

Skólinn tekur ekki ábyrgð á fjármunum og persónulegum eigum nemenda, nema hægt sé að rekja það til starfsfólks eða vanbúnaðar skólans. Foreldrar eru beðnir að sjá til þess að nemendur komi ekki með peninga eða önnur verðmæti í skólann að óþörfu.

Tryggingar

Öll skólabörn eru tryggð á vegum Ísafjarðarbæjar á meðan þau eru á ábyrgð skólans eða í ferðum á vegum skólans. Gera skal skýrslu um öll óhöpp sem koma upp og senda tryggingafélagi bæjarins til varðveislu. Foreldrum er bent á að reikningar sem verða til vegna áverka/slysa sem börn verða fyrir skulu sendir tryggingafélagi sem sér um að greiða viðkomandi sjúkrakostnað enda sé skýrslan í þeirra höndum.

Aðkoma að skólanum og umferðaöryggi

Þeir sem koma akandi í skólann með börn sín eru beðnir að gæta aðgátar við skólann og nauðsynlegt er að foreldrar finni með börnum sínum bestu og öruggustu leiðina í skólann. Umferðarfræðsla fer fram í mörgum árgöngum skólans, ýmist á vegum kennara eða lögreglu. Nemendur eru hvattir til að vera með endurskinsmerki svo ökumenn eigi auðveldara með að sjá þá í skammdeginu.

Skólalóð

Skólalóðin er góð með fjölbreyttum leiktækjum. Á skólalóð er grasvöllur með fótboltamörkum og körfuboltaspjöldum. Skólalóðin er upplýst.

Slys á skólatíma

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu ef þess er einhver kostur. Slysaskráning er gerð í skólanum. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt í skólanum.

Mikilvægt er að skólinn hafi símanúmer foreldra skráð á Mentor þannig að hægt sé að ná í foreldra á skólatíma barnsins.

Ef barn er með greindan alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu/lífi þess í bráða hættu er nauðsynlegt að skólinn viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Jafnréttis og mannréttindaforvarnir

Samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmið og tilgangur með lögnum er að koma á og viðhalda jafnrétti, hæfileikum og færni karla og kvenna og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Sett er fram áætlun með mælanlegum og tímasettum markmiðum svo að áætlunin þjóni tilgangi sínum. Starfsmenn Grunnskóla Suðureyrar eru færri en 25 en skólanum sem menntastofnun ber að uppfylla 22. og 23. gr. laga nr. 10/2008 gagnvart nemendum sínum. Þessar tvær greinar fjalla annars vegar um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni og hins vegar um menntun og skólastarf. Frekari upplýsingar má finna á <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>. Starfsfólk Grunnskólans á Suðureyri vinnur að jafnrétti kynja í stofnuninni. Ásamt því að stuðla að því að einstaklingar verði metnir á eigin forsendum, fái að njóta mannréttinda án tillits til upprunar, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Jafnréttisáætlun Grunnskólans á Suðureyri miðast við bæði nemendur og starfsmenn.

Aðaláherslan í skólastarfinu er að nemendur, kennarar og annað starfsfólk nái góðum árangri og að skólastarfið eflist og styrkist. Þannig ná allir að þroskast og sýna framfarir á sínum forsendum. Við leitumst við að efla gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti sem og að skapa góðan starfsanda.

Nemendur

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um að markmið jafnréttismenntunar sé að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á sínum forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, jafnréttis, umburðarlyndis, víðsýnis og réttlætis. Einnig er kveðið á um mikilvægi þess að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar. Lögð er áhersla á að nemendur í Grunnskólanum á Suðureyri viti hvað kynbundið ofbeldi er og þekki leiðir til að bregðast við því þannig að úr því megi bæta. Einnig að þeir geti greint kynbundna og kynferðislega áreitni og læri að þekkja og temja sér viðeigandi hegðun í öllum samskiptum.

Í viðburðum á vegum skólans skal hafa í huga að hlutfall kynja sé sem jafnast. Einnig skal hafa þetta í huga þegar valið er í nemendaráð og aðrar slíkar nefndir. Lögð verður áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá tilfinningar sínar og annarra. Starfsfólk þarf að virða tilfinningar nemenda og gefa þeim færi á að tjá sig án þess að mismuna þeim. Lögð verður áhersla á að kennsluaðferðir og námsgögn mismuni ekki nemendum svo allir nemendur hafi jafnan rétt til náms. Það þarf því að fara yfir námsgögn reglulega til að fullvíst sé að engin mismunun eigi sér stað. Einnig er lögð áhersla á að fræðsla um jafnrétti sé samofin öllu skólafarfinu sem leiði til þess að vinna nemenda verði í anda jafnréttis og að þeir rækti með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Þar skal starfsfólk vera fyrirmyndir og vinna saman að þessu markmiði.

Starfsfólk

Lögð er áhersla á að starfsauglýsingar séu í anda jafnréttis laga og auglýst starf standi opið jafnt konum og körlum. Skólinn hefur þá stefnu að reyna eftir bestu getu að jafna hlutfall kvenna og karla á vinnustaðnum. Í 20.gr.laga nr. 10/2008 um jafna stöðu kvenna og karla kemur fram að störf sem laus er til umsóknar skulu standa opin jafnt konum og körlum.

Konur og karlar í Grunnskólanum á Suðureyri njóta sömu launakjara, hafa jafnan möguleika á breytingum á vinnuaðstæðum s.s. launuðum aukastörfum, stöðuhækkunum og stöðubreytingum, ásamt því að eiga jafnan rétt að launaðri yfirvinnu í hvaða formi sem er. Starfsfólki eru tryggðir sömu möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar óháð kyni.

Lögð verður áhersla á að starfsfólk geti samræmt störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldum sínum með sveigjanlegri vinnutíma, hlutastörfum eða með öðrum umsömdum hætti. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 10/2008 um jafnan rétt kvenna og karla skulu atvinnurekendur gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Mikilvægt er að starfsmönnum sé ljóst að kynferðisleg áreitni hefur margar birtingarmyndir svo sem látbragð, orðbragð eða gjörðir, en slíkt skulu starfsmenn aldrei þurfa að sætta sig við. Öllum starfsmönnum skal vera ljóst að kynferðisleg áreitni viðgengst ekki í stofnuninni.

Framkvæmd og eftirfylgni

Í skólanum fylgja kennarar og stjórnendur áætluninni á eftir. Áætlað er að mæla árangur áætlunarinnar með reglubundnu millibili, meðal annars í starfsmannasamtölum, viðhorfskönnunum meðal nemenda, starfsmanna og forráðamanna. Einnig eru spurningar í Skólaláttunum, matstæki skólans, sem mæla tíðni þessara þátta. Niðurstöðurnar eru kynntar starfsfólki skólans. Samkvæmt matsáætlun skólans er jafnréttisáætlun endurskoðuð á þriggja ára fresti og verður næsta endurskoðun hennar skólaárið 2021-22.

Að auki hefur Ísafjarðarbær sem er rekstrar og ábyrgðaraðili skólans sett sér sérstaka jafnréttisstefnu sem einnig styður við starfsemi skólans. Stefnuna má finna á meðfylgjandi hlekk.

<https://www.isafjordur.is/static/files/UtgefidEfni/Stefnur/jafnrettisstefna.pdf>

Áfallaáætlun

Áfallaáætlun er vinnuáætlun svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við þegar áföll verða, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu eða sorgarviðbrögð. Vinnuáætlunin er skýr og afdráttarlaus um hver sinnir hvaða hlutverki, í hvaða röð og hvernig beri að bregðast við. Huga skal að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli hverju sinni. Áfallateymi sér til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Einnig þarf að sjá til þess að kennarar og annað starfsfólk sem að áfallahjálpi vinnur fái stuðning og hjálp.

Áfallaráð Grunnskólans á Suðureyri:

- Skólastjóri
- Skólahjúkrunarfræðingur
- Sóknarprestur – eftir atvikum
- Hlutaðeigandi umsjónarkennari

Aðilar sem áfallaráð getur leitað til:

- Skólasálfræðingur, prestur
- Lögregla
- Hjúkrunarfræðingar og læknar á Sjúkrahúsinu á Ísafirði
- Deild Rauða Kross Íslands á Suðureyri

Nöfn og símanúmer:

- Hrönn Garðarsdóttir v.s. 450-8395, gsm 8674035, netfang: hronng@isafjordur.is
- Vilborg Ása Bjarnadóttir, staðgengill skólastjóra, gsm: 862 6082
- Forstöðumaður skóla- og tómstundasviðs Hafdís Gunnarsdóttir, v.s. 450-8000 netfang hafdisgu@isafjordur.is

Nöfn og símanúmer aðstoðarfólks:

- Heilbrigðisstofnun Vestfjarða 450-4500
- Helga Guðný Kristjánsdóttir. Form. Suðureyrardeildar RKÍ hs. 456-6181
- Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri, vs. 450 - 8000

Atburðir sem teljast vera áföll:

1. Alvarleg slys eða dauðsfall nemanda.
2. Alvarleg slys eða dauðsfall foreldra eða annarra nánna ættingja.
3. Alvarleg slys eða dauðsfall starfsmanns.
4. Slys í vettvangsferðum eða á skólatíma.
5. Langvarandi veikindi nemanda.
6. Kynferðisleg misnotkun.
7. Ofbeldi gegn nemanda.

8. Önnur óskilgreind áföll, t.d. skilnaður – fangelsun – mannhvarf. Mappa með upplýsingum um viðbrögð við áföllum er geymd í hillu á kaffistofu starfsmanna.

Faraldaráætlun

Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu miðar að því að lágmarka áhrif influensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.

- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

Viðbragðsáætlun skólans er geymd í hillu á kaffistofu ásamt áfallaáætlun.

Rýmingaráætlun

Við hættuástand getur reynst nauðsynlegt að rýma skólann. Grundvallaratriði er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögðin þannig að þau komi eins og af sjálfu sér þegar á þarf að halda. Því skal haldin rýmingaráætlun að hverju hausti. Rýmingaráætlun skólans var endurskoðuð á skólaárinu 19-20 í samstarfi við Slökkvilið Ísafjarðarbæjar og tæknideild og hefur verið samþykkt og prófuð.

Fyrir rýmingaráætlun þarf að:

1. Útskýra tilgang æfinganna fyrir nemendum, sem er:
 - Aukið öryggi og að þekkja viðvörunarbjölluna.
 - Kunna að bregðast rétt við og æfa fumlaus viðbrögð.
 - Koma í veg fyrir slys við rýmingu á húsnæði og þekkja bestu leiðirnar úr skólahúsinu.
2. Ræða við nemendur um að æfing er alvarleg eðlis, - en ekki leikur.
3. Útskýra vel fyrir nemendum að ef viðvörunarbjallan þagnar fljótlega eftir að hún fer af stað og fer ekki í gang aftur sé um bilun eða gabb að ræða. Ef á hinn bóginn bjallan fer af stað aftur og stöðvast ekki er hætta á ferðum og rýma þarf húsið.
4. Kynna fyrir nemendum hvar neyðarútgangar eru staðsettir og hvar þeirra svæði er á söfnunarsvæði.
5. Útskýra vel fyrir nemendum það fyrirkomulag sem gildir um útgöngu þegar rýmingaráætlun er virkjuð.

Hlutverk starfsfólks

Kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast. Skólastjóri hefur yfirsýn og veitir upplýsingar til neyðarstarfsmanna þegar þeir koma að skólanum.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir að nemendalistar, aðstandendalistar, skráningabók um fjarvistir og leyfi ásamt starfsmannalista sé uppfært og berist út á söfnunarsvæði.

Starfsmenn skóla og íþróttahúss aðstoða við rýmingu, halda hurðum opnum, aðgæta salerni og önnur rými.

Skapist hættuástand í skólanum þar sem brunaviðvörðunarkerfi fer í gang skal vinna eftir eftirfarandi ferli:

1. Skólastjórnendur og starfsmenn fara að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis, stöðva vælu og kanna hvaðan brunaboðið kemur.
2. Kennarar, starfsmenn og nemendur bíða átekt á meðan. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofur fyrr en staðfest er að um hættuástand sé að ræða þ.e. ef viðvörðunarbjöllur hætta ekki innan 2 mínútna.
3. Ef um falsboð er að ræða tilkynnir stjórnandi eða húsvörður það til slökkviliðs í síma 861 - 8271 og skólastarf heldur áfram eins og frá var horfið.
4. Ef um hættuástand er að ræða gangsetja þeir aftur viðvörðunarsvæli og hafa samband við neyðarlínu í síma 112 og tilkynna um hættu.
5. Kennarar og starfsmenn hefja þá rýmingu samkvæmt leiðbeiningum sem finna má í öllum kennslustofum og koma nemendum á söfnunarsvæði sem er á gervigrasvelli við inngang yngsta stigs.

Rýmingaráætlun vegna staðfests brunaboðs

Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast og að koma nemendum á rétt söfnunarsvæði.

Hann skal fylgja eftirfarandi skrefum:

1. Kennari velur flóttaleið. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem er næstur.
2. Þeir ganga fyrst út sem næstir eru rýmingarleið.
3. Ef aðstæður leyfa fara nemendur í úlpur og skó (ekki reima, setja reimarnar niður í skóna).
4. Skólastjórnandi/starfsmaður tekur með sér nafnalista og skráningabók fyrir fjarvistir og leyfi nemenda ásamt starfsmannalista og fer út á söfnunarsvæði.
5. Þegar komið er út á söfnunarsvæðið er mjög mikilvægt að nemendur standi í stafrófsröð hjá sínum kennara sem fer yfir nafnalista og kannar hvort allir séu komnir út.
6. Kennarinn kemur upplýsingum um stöðuna til umsjónarmanns söfnunarsvæðis (skólastjórnandi) og björgunaraðila.
7. Að hættuástandi loknu fara nemendur aftur inn í skólann telji björgunaraðilar það óhætt. Annars fara nemendur inn í íþróttasal á meðan ákvörðun er tekin um framvindu mála.

Söfnunarsvæðið er gervigrasvöllurinn við skólann. Horfa þarf til merkinga með grunnmynd af skólanum sem þarf að hengja upp í stofur.

Röskun á skólastarfi vegna veðurs

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi á Vestfjörðum fylgjast Lögreglan og Almannavarnir gaumgæfilega með, hafa samstarf við skólana og gefa út viðvaranir til almennings, gerist þess þörf.

Mikilvægt er að foreldrar sjálfir fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni.

Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í og úr skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sækja skóla þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll.